

BRAUN

Bluetooth®

ExactFit™ 5 Connect



BUA6350

Braun ExactFit™ 5 Connect
BUA6350
Blóðþrýstingsmælir fyrir upphandlegg

DONNA EHF


Dreifing:

Donna ehf, Móhella 2, 221 Hafnarfjörður.
S. 555 3100 e-mail donna@donna.
www.donna.is

Vörulýsing



BUA6350



Mynd 1

Tilætluð notkun Braun ExactFit™ 5 Connect

Braun-blóðþrýstingismælirinn fyrir upphandlegg hefur verið þróaður til að mæla blóðþrýsting á nákvæman og þægilegan hátt. Nákvæmni Braun-blóðþrýstingismælisins fyrir upphandlegg var prófuð við framleiðslu og sannreynð í klínískri rannsókn í samræmi við reglur Háþrýstingsfélags Evrópu (ESH). Þessi mælir er ekki ætlaður fyrir nýbura eða börn né þungaðar konur, þ.á.m. konur með meðgönguheitrun enda hefur mælirinn ekki verið reyndur á þeim.

Það sem þú ættir að vita um blóðþrýsting

Blóðþrýstingur breytist stöðugt allan daginn. Hann hækkar skarpt árla dags en lækkar síðari hluta morguns. Hann hækkar aftur síðdegis en verður loks lágur að nóttu til. Hann getur einnig breyst í stuttan tíma. Þess vegna geta niðurstöður úr raðtengdum mælingum sveiflast til.

Þetta tæki sýnir tvennskonar blóðþrýstingsgildi: slagbils- og þanbils-gildi.

Slagbilsþrýstingur (hærrí talan) sýnir hve miklum þrýstingi blóðið veldur á slagæðaveggi þegar hjartað slær. Þanbilsþrýstingur (lægri talan) sýnir hve miklum þrýstingi blóðið veldur á slagæðaveggi þegar hjartað hvílir milli slaga. Puls er einnig sýndur eftir hverja mælingu.

Blóðþrýstingsmæling á læknisstofu sýnir aðeins niðurstöðu á tilteknu andtak. Endurtekna mælingar heima fyrir spegla betur raunveruleg blóðþrýstingsgildi hvers og eins við daglegar aðstæður.

Auk þess hefur margt fólk annan blóðþrýsting þegar það mælir sig heima enda hefur það tilhneigingu til að vera þá slakara en hjá lækni. Reglubundnar blóðþrýstingsmælingar heima fyrir geta veitt læknum þínum mikilvægar upplýsingar um venjuleg blóðþrýstingsgildi hjá þér við „hversdagsaðstæður“.

Háþrýstingsfélag Evrópu (ESH) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hafa sett upp eftirfarandi stöðluð blóðþrýstingsgildi þegar mælt er við hvíldarhjartslátt heima við:

Blóðþrýstingur (mmHg)	Eðlileg gildi	Stig 1 Mildur háþrýstingur	Stig 2 Hóflægur háþrýstingur	Stig 3 Alvarlegur háþrýstingur
SYS = slagbil (efra gildi)	up to 134	135-159	160-179	≥180
DIA = þanbil (neðra gildi)	up to 84	85-99	100-109	≥110

! Öryggisupplýsingar og mikilvægar varúðarreglur

Lesið gaumgæfilega notkunarleiðbeiningar þessar í heild sinni.

Fólk sem er með óreglulegan hjartslátt, æðasamdrátt, æðakökun í útlimum, sykursýki eða hefur hjartagangráð ætti að ráðfæra sig við lækni áður en það byrjar að mæla blóðþrýsting sinn sjálf. Frávik í blóðþrýstingsgildum geta orðið í slíkum tilfellum.

Ef blóðþrýstingsmælingar þínar sýna alvarlegan háþrýsting með slagbilsgildi á bilinu 180 mmHg eða yfir, og/eða þanbilsgildi á bilinu 110 mmHg eða yfir, og þú sérð að þú ert með eina eða tvær mælingar á þessu bili, hafðu þá vinsamlegast samband við lækni þinn strax.

Ef þú ert í læknismeðferð eða tekur einhver lyf, hafðu þá samband við lækni áður.

Notkun þessa blóðþrýstingsmælis á ekki að koma í staðinn fyrir samráð við lækni.

Forðastu að slöngu þrýstist saman eða þrengist. Stöðugur þrýstingur í handleggssborða vegna snurðu á slöngu getur haft áhrif á blóðflæði og hugsanlega valdið notanda skaða.

Ekki er mælt með því að nota tækið á handlegg á þeirri hlið líkamans sem brjóstnám hefur verið framkvæmt.

Að mæla blóðþrýsting of oft getur valdið notanda skaða þar sem slíkt getur haft áhrif á blóðflæði.

Ekki er mælt með því að nota handleggssborða á arm með innrennissleið eða þar sem slag- og bláæðarveita (A-V) er til staðar. Slíkt getur valdið tímabundinni truflun á blóðflæði og hugsanlegum skaða fyrir notanda.

SETTU EKKI handleggssborða yfir sár þar sem slíkt gæti valdið frekari skaða.

Ekki er mælt með því að nota þetta tæki meðan annar raflæknabúnaður (ME) er á sama handlegg.

Lykilreglur um nákvæmar blóðþrýstingsmælingar

Mældu alltaf á sama tíma dags og við sömu aðstæður.

Mældu ekki fyrsta hálf tímann eftir að hafa reykt, drukkið kaffi eða te eða eftir hverskonar áreynslu.

Slík atriði hafa áhrif á mælinguna.






Gættu þess að hafa hvílast í minnst 5 mínútur fyrir mælingar. Sé það mögulegt er mælt með að hvílast í 10 mínútur áður en mælt er. Reyndu ávallt að hvíla þig jafn lengi áður en þú mælir þig.

Mældu ávallt á sama handlegg. Vinstri handleggur er ráðlagður. Hreyfðu þig hvorki né talaðu á meðan. Sittu þægilega, krossleggðu ekki fótleggi og hafðu fætur flata á gólfinu og stuðning við bak og handlegg.

Settu borðann beint á húðina. Vefðu ekki borðanum utan um jakka, peysu eða skyrtu.


Ef þú vilt gera margar mælingar, bíddu þá í um 5 mínútur milli mælinga.


Vörulýsing (Sjá bls. 2-3)

1. Ræsihnappur  
2. Minnihnappur
3. Dagsetningar- og tímastilling 
4. Stíllihnappur 
5. Meðaltalshnappur 
6. Hnappur til skipta um notanda A/B
7. Krístalskjár
8. Slönguinnstunga
9. Tengir
10. Handleggssborði (2 borðar fylgja)
11. Loftslanga
12. Lok á raflöðuhólfi (Raflöður 4 X 1.5V tegund AA (LR6))

Raflöður settar í (sjá mynd 2)

- Losaðu lokið á raflöðuhólfinu undir tækinu og settu í það fjórar AA LR6 alkalín-raflöður þannig að skaut þeirra snúi rétt (sjá merkingar í raflöðuhólfinu)
- Ath! Endurstílltu alltaf dagsetningu og tíma eftir að hafa skipt um raflöður til að tryggja að niðurstöður mælinga séu vísanar með réttu dagsetningu og tíma.

-  Hentu aðeins tómum raflöðum. Þær ber ekki að losa í heimilissorpið heldur á viðeigandi losunarstöðum eða hjá söluáðila.




Mynd 2

Réttur handleggsborði valinn

Til að gera nákvæma mælingu er mikilvægt að velja þá stærð borða sem passar best á upphandlegginn. Veldu borðastærð í samræmi við ummál handleggssins og gættu þess að neðri brún borðans sé 2-3 sentimetrar ofan við olnbogann.


- Lítil/Meðalstór borði = 22-32 cm handleggsummál
- Stór/(XL) Sérlega stór borði = 32-42 cm handleggsummál
- Þessi handleggsborði er nothæfur ef stuðulsmerkið <<index>> helst innan ok-markanna <<ok range>> sem merkt er með tveimur örvum þegar borðinn hefur verið hertur utan um handlegginn (mynd 3)




Mynd 3

Handleggsborði festur

1. Renndu þeim enda borðans sem er lengst frá slöngunni gegnum málmhringinn og myndaðu lykkju. Mjúka klæðið á borðanum á snúa inn.
2. Stingdu loftsöngunni í tengið (mynd 4).
3. Borðinn er rétt settur þegar riflásinn (franski rennilásinn) snýr út og málmhringurinn snertir ekki húðina (mynd 5).



Mynd 4



Mynd 5


4. Stingdu vinstri handleggnum gegnum lykkjuna á borðanum. Neðri brún borðans þarf að vera u.þ.b. 2-3 sentimetrar ofan við olnbogann. Slangan á að liggja yfir handleggsslagæð innan á handleggnum (mynd 6).
5. Loftslangan á að liggja yfir upparmsslagæð innan á handleggnum (mynd 7).



Mynd 6




Mynd 7



Mynd 8

6. Togaðu í borðann þannig að neðri og efri brún hans séu hertar að handleggnum.
7. Þegar handleggsborðanum hefur verið komið rétt fyrir þrýstu þá riflásnum að loðnuhliðinni á borðanum.
8. Sestu á stól og hvíldu handlegginn á borði þannig að borðinn sé í hjartahæð (mynd 8).

Braun ExactFit™ 5 Connect Skjár BUA6350



Notandi A/ notandi B valinn

- Gakktu úr skugga um að slökkt sé á tækinu („power off“).
- Ýttu notandatakknum á A eða B. Hamur fyrir núverandi notanda birtist á skánum.

WHO/ESH-vísir til að meta blóðþrýstingsgögn












Rauður >	!!!
Gulrauður >	!!
Gulur >	!
Grænn >	✓


Þessi mælir er búinn blóðþrýstingsvísi byggðum á ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Háþrýstingsfélags Evrópu (ESH). Við hverja mælingu sem birtist á skjánum sýnir bendillinn blóðþrýstingsstig með viðkomandi litakóða, frá grænum til rauðs litar. Þú getur notað þessa flokkun sem viðmið frá degi til dags til að glöggva þig á blóðþrýstingsstigi þínu. Ef þú hefur verulegar áhyggjur af blóðþrýstingsstiginu, ættirðu að hafa samband við lækni sem fyrst.

Ef blóðþrýstingsmælingar þínar sýna stig 3, þ.e. alvarlegan háþrýsting, með 180 mmHg slagbilsgildi (SYS) eða hærra, og/eða 110 mmHg þanbilsgildi (DIA) eða hærra, og ef þú hefur fengið eina eða tvær mælingar á þessu bili, farðu þá vinsamlegast strax til læknis.

Mánuður, dagur og klukkustund stillt

Braun Healthy Heart-appið uppfærir sjálfkrafa dagsetningu og tíma þegar tækið er parað.




- Slökktu á tækinu til að stilla dagsetningu og tíma.
- Prýstu á stillingarnappinn  (4) til að stilla árið. Þá tekur „árið“ að blinka á skjánum. Prýstu á  (3) til að velja árið upp á við um eitt þrep.
- Prýstu á stillingarnappinn  (4) til að stilla mánuðinn. Þá tekur „mánuðurinn“ að blinka á skjánum. Prýstu á  (3) til að velja mánuðinn upp á við um eitt þrep.
- Prýstu á stillingarnappinn  (4) til að stilla dagsetninguna. Þá tekur „dagsetningin“ að blinka á skjánum. Prýstu á  (3) til að velja daginn upp á við um eitt þrep.
- Prýstu á stillingarnappinn  (4) til að stilla klukkustundina. Þá tekur „klukkustundin“ að blinka á skjánum. Prýstu á  (3) til að velja stundina upp á við um eitt þrep.
- Prýstu á stillingarnappinn  (4) til að stilla mínútuna. Þá tekur „mínútan“ að blinka á skjánum. Prýstu á  (3) til að velja mínútuna upp á við um eitt þrep.
- Prýstu á stillingarnappinn  (4) til að ljúka við að stilla allar dagsetningar og tíma. Þá hættr allt blink.




ATH: Sé stillingarnappnum haldið niðri taka tölurnar að breystast sjálfkrafa.

Blóðþrýstingur mældur

Festu handleggssborðann á handlegginn (sjá að ofan „Handleggssborði festur“).

- Sestu beinn í baki á stól til þess að vera í réttari stellingu.
- Prýstu á ræsihnappinn  (1) og slepptu honum síðan. Dagsetning/tími og núverandi notandi birtast.
- Stílltu A/B-takkann (6) á A fyrir notanda A eða á B fyrir notanda B. Tákn fyrir A eða B birtist á skjánum.
- Prýstu á ræsihnappinn  (1) og slepptu honum síðan. Öll tákn birtast á skjánum í 2 sekúndur. Loftþrýstingur eykst sjálfkrafa upp í tiltekinn þrýsting og mæling hefst. Þú mátt hvorki hreyfa þig né tala meðan mæling fer fram. Krossleggðu ekki fótleggi og hafðu fætur flata á gólfinu meðan á mælingu stendur.
- Eftir að loftþrýstingurinn hefur aukist er hjartsláttur numinn og hjartsláttartíðnimerkið  leiftr.
- Skjár sýnir niðurstöður og WHO-vísisörina eftir mælingu.

Slökktu á tækinu eftir mælingu með því að prýsta á ræsihnappinn  (1) Mælirinn slekkur einnig á sér sjálfkrafa eftir eina mínútu.

Þessu tæki er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir reglulega skoðun hjá lækni. Vinsamlegast haltu áfram að fara til læknis reglulega til að fá mælingu hjá fagmanni.

Tenging við snjallsíma og Braun Healthy Heart-appið

ExactFit™ 5 Connect-mællinn þinn er hægt að tengja með Bluetooth® við snjallsíma (iOS og Android) til þess að hlaða niður vistuðum mælitölum sjálfkrafa. Þetta tæki getur hlaðið upp allt að 200 mælitölum á hvorn notanda með því að nota Bluetooth-minnið.

Kveiktu á Bluetooth á snjallsímanum þínum.

Gættu þess að Bra*un Healthy Heart-appinu hafi verið hlaðið niður í snjallsímann og að appið sé opið.

Ef þú ert að nota appið í fyrsta skipti, þá sýnir það þér hvernig þú átt að para Braun ExactFit™ 5 Connect. Ef þú hefur notað það áður, þá ferðu í "Connect device" á valmynd appsins og fylgir leiðbeiningum.

Þegar pörun er lokið birtir appið staðfestingartilkyrningu.



Minnisvirkni


Blóðþrýstingsmælirinn getur vistað síðustu 60 mælingar hjá hvorum notanda.

Mælingagögn vistuð

Eftir hverja mælingu vistast slagblsþrýstingur, þanblsþrýstingur, hjartasláttartíðni, tími og viðkomandi dagsetning sjálfkrafa. Minni # 01 er alltaf nýjasta færslan. Þegar minnið er orðið fullt ritast yfir elstu færsluna.

Prýstu á minnishnappinn **M** (2) til að skoða vistaðar færslur. Síðasta minnisfærsla (sys/dia/pul) með dagsetningu og tíma mælingar, óreglulegum hjartslætti (IHB) og WHO-vísi birtist á skjánum. Prýstu aftur á minnishnappinn **M** (2) til að sýna fyrri færslur. Gættu þess fyrir notkun að velja réttan notanda, A eða B.

Meðaltalsvirkni


Slökktu og kveiktu á mælinum. Prýstu á meðaltalshnappinn  (5) til að birta meðaltal síðustu þriggja mælinga á skjánum.




Gögnum eytt

Slökktu á tækinu, prýstu á minnishnappinn **M** (2) lengur en í 5 sekúndur. Á skjánum blinkar „DEL ALL“. Gættu þess fyrir notkun að velja réttan notanda, A eða B.

Prýstu aftur á minnishnappinn **M** (2). Á skjánum birtist "----" sem táknar að öll vistuð gögn viðkomandi notanda hafa verið þurrkuð út.



Nemi fyrir óreglulegan hjartslátt

Ef táknid  birtist, þýðir það að tiltekinn hjartsláttaróreglu hefur orðið vart við mælingu. Ef maður talar, hreyfir sig, hristist eða hefur óreglulegan hjartslátt meðan á mælingu stendur, getur þetta tákn birst. Yfirleitt er ekki ástæða til að hafa áhyggjur af slíku. En birtist táknid oft, mælum við með því að þú ráðfærir þig við lækni. Þetta tæki kemur ekki í staðinn fyrir hjartarannsókn heldur leiðir í ljós hjartsláttaróreglu á frumstigi.

Rafhleðsluvísir




Þegar rafhleðsluvísirinn  fer að blinka á skjánum, táknar það að rafhleðslan er að verða búið og nauðsynlegt að setja fjórar nýjar LR6 (AA) alkalín-rafhleðslur í tækið.

Eftir að skipt hefur verið um rafhleðslur fer ExactFit™ 5 Connect sjálfkrafa í tímastillingarham.

Geymsla og þrif

- Gakktu ávallt frá tækinu í töskunni eftir notkun.
- Láttu tækið ekki komast í beint sólarljós, mikinn hita né á rakafulla eða rykuga staði.
- Geymdu það hvorki í miklum kulda (undir -20°C) né miklum hita (yfir 60°C).
- Notaðu mjúkan klút vættan í vatni eða mildum hreinsilegi til að þrifa töskuna og síðan þurrkan klút til að þurrka hana. Notaðu þurrkan klút til að þurrka af handleggssborðann ef hann er skítugur.
- Notaðu ekki nein sterk hreinsiefni til að þrifa hann.
- Ef ekki á að nota tækið lengi, taktu þá rafhleðslurnar úr því. (Rafhleðslurnar geta leikið og valdið skemmdum).
- Breyttu ekki tækinu. Opnaðu ALDREI tækið! Slíkt ógildir ábyrgð framleiðanda.

Villulausnir

Vandamál	Ástæða	Lausn
Hjartsláttar-tíðnimerki 	Birtist í mælingarham og blikkar þegar puls er numinn.	• Mæling í gangi. Vertu hreyfingarlaus.
Rafhleðslutákn 	Birtist þegar rafhleðsla er orðin of lítil eða rafhlöðurnar snúa ekki rétt.	• Skiptu öllum fjórum rafhlöðunum út fyrir nýjar. • Settu rafhlöðurnar rétt í. Gættu að +/- skautunum.
Mælingarvilla 	Birtist þegar ekki hefur tekist að fá réttan blóðþrýsting eða hjartslátt.	• Þrýstu á ræsihnappinn á ný og mældu aftur. • Athugaðu hvort borðinn er vafinn um handlegginn skv. leiðbeiningum. • Athugaðu hvort nokkur snurða er á slöngunni. • Athugaðu hvort höndin er slök. • Athugaðu hvort þú hefur talað eða hreyft þig meðan þú mældir. • Athugaðu hvort handleggur hefur verið í réttri stillingu.
E0	Mælingarvilla	• Hjartsláttarmerki á handleggsborða eru of veik. Festu borðann á ný og mældu aftur.
E1	Dælingarvilla	• Borðinn er ekki rétt festur. Festu borðann á ný og mældu aftur.
E2	Mælisviðsvilla	• Slakaðu á um stund og mældu síðan aftur. Gættu þess að borðinn sé rétt festur á handlegginn.
E3	Dælingartímavilla	• Borðinn er ekki rétt festur. Lagaðu hann og mældu aftur.
E254	Innri villa í tæki	• Taktu rafhlöður úr og settu þær í á ný. Ef vandamálið heldur áfram, hafðu þá samband við þjónustuaðila.
E255	Kvörðunarvilla	• Taktu rafhlöður úr og settu þær í á ný. Ef vandamálið heldur áfram, hafðu þá samband við þjónustuaðila.
E256	Villa kom upp við uppfærslu Bluetooth-fastbúnaðar.	• Tækið endurræsir sig sjálfkrafa með því að nota upprunalegan Bluetooth-fastbúnað. Endurtaktu niðurhal búnaðarins eða fylgdu leiðbeiningum á skjá Braun-appsins.

Vöruforskrift

Mæliaðferð

Tegundarnúmer

Mælisvið

Nákvæmni

Loftdæling

Skjár

Minnismengi

Minnismengi í Bluetooth

Handleggsborðastærð

Notkunarhitastig

Geymsluhitastig

Notkunarloftþrýstingur

Þyngd tækis

Orkugjafi

Ending rafhlaðna

Sjálfvirk sloknun

Fylgihlutir

Þráðlaus tenging

Endingartími



Mikilvægt



Lestu notkunarleiðbeiningar.

Ef tækið er ekki notað innan tilgreindra hita-, raka- og loftþrýstingsmarka er ekki hægt að tryggja tæknilega nákvæmni mælingar.

Flokkun:



• Búnaður búinn innri orkugjafa

• Búnaður af BF-gerð

IP22

Varið fyrir utanaðkomandi gegnheilum hlutum allt að 12,5 mm að þvermáli eða meira. Varið fyrir vatnsdropum sem falla lóðrétt þegar tækinu er hallað allt að 15°.

Ekki nothæft þegar til staðar er eldfim svæfandi blanda með lofti, súrefni eða nituroxíði

Samfeld virkni með skammtímahleðslu



Notkunarhitastig



Geymsluhitastig



Geymslurakastig

Sveiflumæling

BUA6350

Metinn þrýstingur í handleggsborða: OmmHg~300mgHg
Mælingarþrýstingur: SYS: 60~255mmHg DIA: 40~200mmHg
Púlsgjafi: 40~199 slög á mínútu
Þrýstingur +/- 3 mmHg
Púls +/- 5 % mest

Deluxe automatic

Kristalskjár með bakgrunnsljósi

60 mengi á notanda

200 mengi á notanda

Lítil borði = 22-32 cm handleggsummál

Stór borði = 32-42 cm handleggsummál

+10 °C ~ +40 °C, undir 85% rakastigi

-20 °C ~ +60 °C, undir 85% rakastigi

860-1060 hPa

U.þ.b. 500 grömm (án rafhlaðna)

Alkalín-rafhleður: 4 x AA (LR6) 1,5V

300 mælingar

Eftir eina mínútu liggja tækið ónotað

Fjórar rafhlöður, tveir handleggsborðar, notkunarbæklingsur, poki, taska.

Bluetooth® Smart
Tíðnisvið: 2.4GHz ISM Band (2400 - 2483.5 MHz)
Mótun: GFSK

Virk útgæisun <20dBm

5 ár

Getur breyst án fyrirvara.



RAFLÆKNINGATÆKI þarfnast sérstakrar aðgátar hvað varðar rafsegulsviðssamhæfi (EMC). Farðu á www.hot-europe.com/support til að fá nákvæmar lýsingar á EMC-kröfum Færanleg fjarskiptatíðnitæki geta haft áhrif RAFLÆKNINGATÆKI.

Þessi vara samræmist kröfum tilskipunar Evrópubandalagsins EC 93/42/EEC (tilskipun um lækningatæki).



Vinsamlegast losaðu ekki vöruna í heimilissorpið við lok endingartíma. Losun getur verið hjá söluaðila á staðnum eða á viðeigandi losunarstöðu

Ábyrgð

Lestu vinsamlegast allar leiðbeingar áður en þú reynir að nota tækið. Haltu til haga kvittuninni sem sönnun á kaupunum og dagsetningu þeirra. Kvittunina þarf að sýna þegar hverskonar krafa er gerð innan ábyrgðartíma. Engin ábyrgðarkrafa án sönnunar á kaupunum verður tekin til greina.

Tæki þitt er í ábyrgð í tvö ár (2 ár) frá kaupdegi.

Þessi ábyrgð nær yfir galla í efni eða vinnubrögðum sem koma í ljós við eðlilega notkun; gölluðum tækjum sem fullnægja þessum skilyrðum verður hægt að skipta út án endurgjalds.

Þessi ábyrgð nær EKKI yfir galla eða skemmdir sem verða vegna illrar meðferðar eða misbrests á að farið sé eftir notkunarleiðbeiningum. Ábyrgðin fellur úr gildi ef tækið er opnað, við það átt eða notað með pörtum eða fylgihlutum sem ekki eru framleiðslumerktir Braun, eða ef viðgerðir eru framkvæmdar af óviðurkenndum aðilum.

Fylgihlutir og rekstrarvörur eru undanskilin hverskonar ábyrgð.

Ef þú þarft á aðstoð að halda, farðu þá vinsamlegast á www.hot-europe.com/support eða finndu upplýsingar um sambandsleiðir við þjónustuaðila aftast í þessum leiðbeiningabæklingi.

Þessi ábyrgð gildir aðeins fyrir Evrópu, Austurlönd nær og Afríku.

Kenninúmer framleiðslulotu (LOT) og framleiðslunúmer (SN) er að finna á bakhlið tækisins. Fyrstu 3 tölustafirnir eftir kenninúmerið tákna dag framleiðsluárs. Næstu 2 tölustafir tákna síðustu tvo tölustafina í almanaksári framleiðslunnar og stafirnir aftast gefa til kynna framleiðanda vörunnar. LOT 156140nb tákna að varan hafi verið framleidd á 156. degi ársins 2014 hjá framleiðanda með auðkennið onb.

Dreifing:

Donna ehf, Móhella 2, 221 Hafnarfjörður.

S. 555 3100 e-mail donna@donna.

www.donna.is

**Helen
of Troy**



Kaz Europe Sàrl
A Helen of Troy Company
Place Chauderon 18
CH-1003 Lausanne - Sviss



Framleitt
og prentað í Kína

© 2020 Öll réttindi áskilin

P/N A003371R4